

GJALDSKRÁ

Fráveitu Fljótsdalshéraðs

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við 15. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, og samþykktar fyrir Fráveitu Fljótsdalshéraðs, samþykkt í stjórn HEF ehf. þann **13.12.2017**.

2. gr.

Eiganda eða réttihafa fasteignar sem tengst getur Fráveitu Fljótsdalshéraðs ber að greiða gjald fyrir tengingu við Fráveitu Fljótsdalshéraðs sbr. 13. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og reksturs fráveitna. Gjaldið stendur undir kostnaði við tengingar fráveitu og tekur mið af gerð, stærð og lengd tenginga. Með tengigjaldi er innheimt hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi.

Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum á Fljótsdalshéraði skal greiða tengigjald sem hér segir:

100 - 150 mm tenging (allt að 20 m löng) 201.337 kr.

150 – 200 mm tenging (allt að 20 m löng) 243.186 kr.

Þar sem sérstakar aðstæður eru til staðar eða tenging er lengri en 20 metrar skal lóðarhafi greiða raunkostnað við að tengja viðkomandi fasteign við Fráveitu Fljótsdalshéraðs.

3. gr.

Fljótsdalshérað innheimtir fráveitugjald af öllum fasteignum á Fljótsdalshéraði, sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 14. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og reksturs fráveitna. Fráveitugjaldið, ásamt öðrum tekjum fráveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt fráveitugjald á Fljótsdalshéraði er 0,32% af fasteignamati fasteigna og lóða.

4. gr.

Ekki eru í gildi reglur um niðurfellingu eða afslátt á tengi- eða fráveitugjaldi á Fljótsdalshéraði.

5. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella annast tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda á Fljótsdalshéraði annaðhvert ár. Gjaldið er miðað við raunkostnað við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt gjald á Fljótsdalshéraði fyrir hreinsun hverrar rotþróar:

< 4,5 rúmmetra 17.958 kr.

4,5 – 6,5 rúmmetrar 25.808 kr.

6. gr.

Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald sem er 70% álag á árlega hreinsun. Bæjarstjórn er einnig heimilt að innheimta sérstakt auka-gjald þar sem þannig háttar til að um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu rotþróa eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Miðað er við að gjaldið endurspegli þann raunkostnað sem af verkinu hlýst.

7. gr.

Gjalddagi tengigjalds er við úthlutun lóðar sem er í eigu Fljótsdalshéraðs eða hann hefur ráðstöfunarrétt á og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum. Hitaveita Egilsstaða og Fella innheimtir tengigjöld og er eindagi 30 dögum eftir gjalddaga.

Fljótsdalshérað innheimtir fráveitugjald og gjald fyrir tæmingu rotþróa með fasteignaskatti og eru gjalddagar þeir sömu.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds. Ofangreind gjöld í gjaldskránni taka mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi **í desember 2017 og er 136,1 stig**

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af stjórn HEF ehf. skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og reksturs fráveitna, þann 13.12.2017, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá Fráveitu Fljótsdalshéraðs nr. 583 frá 30. júní 2016.

Fljótsdalshérað 13. desember 2017